

"Eitt skifti á eg að koma heim til þín, eitt skifti á eg eftir að koma heim til þín og hvíla mín lúin bein í faðmi þínum, af því eg er sonur hinnar frjálsu konungsdóttur, Niech Lyl Polcha".

Uppreistarmaðurinn hafði stokkið upp af stólnum, sjúkdómshiti brann á kinnum hans og úr svörtu augunum hans brann eldur, þegar hann hóf vínglasíð sitt og hrópaði: "Niech Zyje Polska."

Dynar greifi hafði líka hafið glas sitt í hugsunarleysi, hrifinn til þess af ofsa-ofstæki hins pólska uppreistarmanns, og þó var það ekki í samræmi við hana, heldur einungis af kurteisi. Ljóshærða höfuðið hans með látlausum og kyrrum andlitsdráttum, var líka hrein og bein mótsetning við hinn brennandi eld, sem skein á hverju augnabliki úr augum og andlitsdráttum pólska uppreistarmannsins.

Annað blóðið var alveg pólskt, og hitt alveg þýzkt.

"Hvert ætlið þér nú að fara?" spurði greifinn pólska uppreistarmanninn, sem tók hendur greifans, þrýsti þeim að munni sér hvað efur annað, lét síðan fallast aftur á bak í hægindastólinn og greip höndunum fyrir andlit sér.

"Eg hafði hugsað mér, að byrja að hafa ofan af fyrir mér í París."

"Ætlið þér líka að taka með yður litla drenginn yðar út í alla þessa óvissu og þetta stefnulausa líf?"

Pólski uppreistarmaðurinn stundi þungt og alvarlega.

"Ja, bara eg gæti búið honum vísari vist, en að volkast með mér ofan á bylgjum örlaga minna. Já, þá fyrst gæti eg um frjálst höfuð strokið. Ált sem eg hefi elskað og alt sem hjá mér hefir verið,